



Selfossi, 20.mars 2026

Fundargerð stjórnar

34. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn föstudaginn 20. mars 2026, kl. 10:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Árni Eiríksson, Bragi Bjarnason, Lárus Kristinn Guðmundsson, Pétur Pétursson og Heiða Ösp Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur BÁ vegna 2025

Pétur kynnir og fer yfir ársreikning Brunavarna Árnæssýslu vegna ársins 2025. Ársreikningur BÁ 2025 samþykktur af stjórn.

2. Brunavarnaáætlun BÁ feb 2026 – feb 2031

Pétur fer yfir Brunavarnaáætlun BÁ, sem kláruð var í febrúar 2026 og hefur verið yfirfarin og samþykkt af HMS. Þar með sé hún tilbúin til þess að vera lögð fyrir stjórn BÁ og sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga til samþykktar. Í áætluninni kemur meðal annars fram að Brunavarnir Árnæssýslu sé öflugt slökkvilið sem býr yfir mannauð með viðtæka reynslu og þekkingu á sviðum starfsins. Þar er farið yfir starfssvæði, útkallssvæði, vatnsöflun, skipulag og starfsemi, menntun og þjálfun, verkefni og samstarf, eldvarnareftirlit, greiningu á útköllum, húsnæði og búnað, áhættumat og mótvægi og framkvæmdaráætlun.

Stjórn er ánægð með framsetningu áætlunar og samþykkir hana og leggur fram eftirfarandi bókun.

Stjórn Brunavarna Árnæssýslu samþykkir á 34. fundi stjórnar sem haldin var á Selfossi 20. mars árið 2026, Brunavarnaáætlun Brunavarna Árnæssýslu sem ber auðkennið 09-03-2026 09:00. Gildistími áætlunarinnar er frá febrúar 2026 til febrúar 2031.

Í framhaldi verður áætlunin send öllum aðildar sveitarfélögum áætlunin til samþykktar.

3. Starfsmannamál

Á aðalfundi Brunavarna Árnæssýslu bs. sem haldinn var 14. október 2025 var lagt til að „*stjórn brunavarna í samvinnu við starfsmenn Brunavarna Árnæssýslu komi með tillögur að vaktaskiptingu og greiningu á hvernig útköllum sé háttað í sýslunni. Hafa ber í huga að uppfylla fyrst þau skilyrði sem varða lögbundna vöktun áður en farið er í að bæta við vöktum eins og á kvöldin. Niðurstöður skulu lagðar fram til kynningar eigi síðar en á vörfundum 2026.*“

Slökkviliðsstjóri fer yfir skýringar á útkallssvæðum 1,2,3 og 4 í reglugerð nr. 747/2018 í samræmi við útkallstíma BÁ.

Slökkviliðsstjóri leggur til, að til þess að komast sem næst því að uppfylla þau skilyrði sem varða lögbundna vöktun þurfi að ráða inn 3 slökkviliðsmenn í dagvinnu haust 2026. Þar með sé ákvæðum reglugerðar um lágmarks mönnum uppfyllt. Slökkviliðsstjóri getur þá fært vinnutíma starfsmanna til, til þess að mæta álagstímum vegna umferðar. Með þessu móti ætti að vera hægt að komast hjá því að setja á sérstaka kvöldvakt til þess að mæta þessu umferðarlagi.

Stjórn er sammála um að leggja fram þessa tillögu á vörfundum 2026.

4. Lántökur og afskriftasjóður

Á aðalfundi Brunavarna Árnassýslu bs. sem haldinn var 14. október 2025 var eftirfarandi bókað: „velt upp þeirri hugmynd hvort að lántökur brunavarna eigi að taka fyrir í hverju sveitarfélagi fyrir sig frekar en að samþykka á aðalfundi. Þá hafa sveitarfélög val um hvort þau greiði upphæðina eða taki þátt í lántöku.

Slökkviliðsstjóri leggur til að afskriftasjóður verði settur upp í samræmi við leiðbeiningar HMS nr. 6.065 frá árinu 2020, hvert sveitarfélag leggi þá inn í sjóðinn í hlutfalli við afskriftir árlega. Eftir ítarlega og góða umræðu telur stjórn BÁ að þessu fylgi of hátt flækjustig og leggur stjórn til að halda lántöku fyrirkomulagi BÁ óbreyttu.

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2025 var ráðgert að endurnýja tankbílinn í Þorlákshöfn fyrir 30 milljónir. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2026 voru áætlaðar 150 milljónir í byggingu á nýrri björgunarmiðstöð á Flúðum og 90 milljónum í endurnýjun á dælubíl í Reykholti.

Lánatökur þessar eru í samræmi við fjárhagsáætlun og leggur stjórn til að leita lánskjara hjá Lánasjóð sveitarfélaga og Landsbankanum með þessar lántökur og gera það sem fyrst. Stjórn felur slökkviliðsstjóra að leita lánaleiða hjá Lánasjóðnum auk þess að leita lánakjara hjá Landsbankanum.

5. Erindi frá sveitarfélaginu Ölfus

Slökkviliðsstjóri kynnir erindi sem barst Brunavörnum Árnassýslu frá sveitarfélaginu Ölfus þann 27. janúar 2026.

Í erindinu óskar bæjarstjóri fyrir hönd sveitarfélagsins eftir heildstæðri og faglegri úttekt á öryggisviðbragði og stöðu brunavarna í samfélaginu, með sérstaka áherslu á Þorlákshöfn. Stjórn Brunavarna Árnassýslu fól slökkviliðsstjóra að vera í sambandi við bæjarstjóra Ölfus um framvindu og framgang málsins.

6. Samningur við UTU vegna úttekta

Pétur kynnir nýjan samning við Umhverfis- og tæknisvið uppsveita sem er til kominn vegna breyting á starfsmannamálum hjá UTU. Í samningnum felst að BÁ taki að sér hlutverk byggingafulltrúa í minni lokaúttektum fyrir UTU sem tilraunaverkefni í eitt ár. Stjórn lýsir yfir ánægju með samninginn og felur slökkviliðsstjóra að ganga frá samningnum.

7. Staða á byggingamálum

Björgunarmiðstöðin á Flúðum

Lárus fer yfir stöðuna framkvæmda á björgunarmiðstöðinni á Flúðum.

Björgunarmiðstöðin á Borg

Skóflustunga tekin 12. mars 2026 og tilboð komin í jarðvinnuna.

Slökkvistöðin á Laugarvatni

Vígsla ákveðin 20. apríl kl. 16:00

8. Úttekt HMS á starfsemi BÁ 26. janúar 2026

Úttekt HMS á starfsemi BÁ var framkvæmd 21. október 2025. Markmið úttektarinnar var að staðreyna hvort starfsemi slökkviliðsins væri í samræmi við lögbundnar kröfur og leiðbeina með þau atriði sem þarfnast úrbóta. Ekkert úttektaratriði var metið óásættanlegt.

Úttektin náði yfir húsnæði, þjálfun mannskaps, hlífðarföt og persónubúnað, reykköfunarbúnað, slökkvibifreiðar, brunavarnaáætlun, eldvarnareftirlit, sértækan búnað og lögbundin hlutverk slökkviliða. Úttekt kom mjög vel út og lýsti stjórn yfir ánægju sinni með niðurstöðu hennar.

9. Jafnlaunavottun 2026

Slökkviliðsstjóri kynnir niðurstöður jafnlaunavottunar sem fór fram 14. janúar 2026. Launamunur er 0,2% og engin frábrigði eða athugasemdir sem krefjast aðgerða. Stjórn er ánægð með góða stöðu BÍ í jafnlaunavottun.

10. Önnur mál

Næsti fundur er bókaður 7. apríl 2026 kl.14:00 í Þorlákshöfn

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 12:01

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari
Heiða Ösp Árnadóttir